

84

35. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða 2 kr. til 50 kr. sektum, eptir stærð og ítrekun afbrotanna, og renna þær í sveitarsjóð, þar er brotið er framið.

36. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn reglugjörð þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

Amtsráð norðuramtsins, Akureyri, 2. júní 1892.

J. Havsteen. Einar Ásmundsson. B. G. Blöndal. M. Sigurðsson. Ólafur Briem.

- 87 Amtsráðið í norðuramtinu gjörir kunnugt:** Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, er hér með staðfest og löggilt eftirfylgjandi

Reglugjörð

um grenjaleitir og eyðing refa í Húnavatnssýslu, sem samin er af sýslunefndinni þar, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. jan. 1893.

1. gr.

Hreppsnefndin eða sá, er hún hefur falið eyðing refa, skal á hverju vori skipa öllum leitarskyldum hreppsmönnum (sjá 2. gr.) að leita vandlega í heimalöndum að tóugrenjum, og hvort þær hafi lagt í þeim. Skal gjöra 3 leitir: þá fyrstu, er snjór állst leystur úr grenjum, aðra um fardaga og þriðju þá tíu vikur eru af sumri. Sömuleiðis ber nefndinni fyrirfram að ákveða, hverja daga leitin skuli fyrirtakast. Sömu leitarskyldur hvíla á eigendum og umráðendum afrjettarlanda; en þar skulu grenjaleitir vera að eins tvær, hin fyrri um fardaga, og hin síðari 9—10 vikur af sumri, eptir tíðarfari. Vanræki nokkur grenjaleitir, sem leitarskyldur er, þá er hreppsnefnd skylt að láta leita grenjanna á hans kostnað og kæra hann til sekta.

2. gr.

Hreppsnefndin skiptir hreppnum í leitarsvæði, og skipar leitarstjóra á hverju þeirra. Hann kallar leitarskylda menn til hinna ákveðnu grenjaleita, annaðhvort til skiptis eða alla í senn, ef þurfa þykir, og ábyrgist hann, að leitir sjeu fulltryggjandi; skal hann gæta þess, að aldrei leiti færri en 2 í hverju greni. Hver búandi, sem hefur land til umráða, er skyldur að leggja til hverrar leitar, sem honum er tilsagt, þar til hæfan mann. Enginn leitarmaður má hafa hund í för með sjer. Vanræki nokkur að leggja mann til grenjaleita þar og þá, er leitarstjóri fyrirskipar, tilkynnist það hreppsnefndinni, er kærir slíkt til sekta.

3. gr.

Ætíð skal þess vandlega gætt, þá er gren finnst, er refir hafa í lagt, hvort sem er af reglulegum leitarmönnum eða öðrum, að hafa þar sem minnsta viðdvöl. Enginn má spilla tóugrenjum, eða róta við þeim á nokkurn hátt, hvort sem dýr liggur í þeim eða ekki, ella varði sektum eptir málavöxtum.

4. gr.

Hver, sem finnur gren, er dýr liggur í, milli leita eða eptir þær, er

skyldur að tilkynna það tafarlaust hlutaðeigandi hreppsnefnd, er veitir honum hæfilega þóknun fyrir ómak hans. **87**

5. gr.

Strax sem gren er fundið, á hvern hátt sem er, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd senda eptir þeirri skyttu, sem henni áður ber að hafa útvegað til grenjavinnslu; fáist hún ekki, skal leita annars, uns einhver getur fengizt; vanræki nokkur að vitja skyttu í tæka tíð, kærast það til sekta.

6. gr.

- a. Sjerhver skytta, sem fengin er á gren, skal fá í fæði og daglaun um hvern sólarhring, sem hún liggur á greni og þarf til ferðar heiman og heim kr. 2,60
- b. Fyrir hvern hest, er skyttan nauðsynlega með þarf til ferðarinnar fram og aptur um hvern sólarhring — 0,50
- c. Í aukatekjur fyrir hið fyrra fullorðna dýr, er skyttan vinnur — 3,00
- d. — — — — — síðara — — — — — — 5,00
- e. Fyrir hvern yrðling, er hún á greni nær — 0,50

Skyttan leggi til skotfæri og önnur veiðiáhöld, án sjerstakrar borgunar, en eitur fyrir yrðlinga skal hreppsnefnd leggja til.

7. gr.

Sjái skyttan hvorugt fullorðna dýrið í þau þrjú fyrstu dægur (2 nætur og einn dag), er hún liggur á greni, eða heyri ekki til yrmlinga, skal hún eigi skyld að bíða þar lengur, en sjáist annaðhvort eða bæði dýrin, skal hún dvelja þar full 5 dægur (3 nætur og 2 daga), ef eigi verður fyrri fullunnið, en lengur er hún ekki skyld að bíða, þótt ekkert vinnist. Yfirgefi hún grenið fyrr en hjer segir, án lögmætra orsaka, og liggi þó dýr þar, skal hún enga borgun fá, þá er áskilin er í 6. gr., og varðar það einnig sektum (sbr. 10 gr.).

8. gr.

Hlutaðeigandi hreppsnefnd útvegar skotmanni hæfan vökumann á gren, og fái vökumaður í daglaun og fæði fyrir hvern sólarhring kr. 2,30; sömu borgun fær sá tiltölulega, er skotmanns vitjar, og að sömu tiltölu fyrir hesta, sem tiltekið er í 6. gr. stafl. b., en sje vegur skemmri en ein míla áleiðis að vitja skotmanns eða á gren, greiðist engi sjerstök borgun fyrir hestinn. Komi það fyrir, að gren finnist eptir að sláttur er byrjaður, hefur hreppsnefnd vald til að ráða menn upp á herra kaup, en um er getið í 6 gr.

9. gr.

Finnist gren í annars hrepps landeign, tilkynnist það þegar hlutaðeigandi hreppsnefndaroddvita, er þá annast um vinnslu þess, og greiðir kostnað þann, er af sendiförinni leiðir. Vanræki oddviti þá skyldu sína, skal hreppsnefndin í hreppi þeim, er finnandi er í, gjöra nauðsynlega ráðstöfun til þess, að grenið sje tafarlaust unnið á kostnað sveitarsjóðs þess hepps, er grenið tilheyrir, og hlífðarlaust kæra slíkt hirðuleysi fyrir sýslumanni til sekta og fullra skaðabóta eptir málavöxtum.

Komi það fyrir að grenjaleitir eða grenjavinnsla sje vanrækt af hlut-
aðeigendum, eða skotmaður fari af greni áður leyfilegt er (sbr. 7. gr.) kærast
það til sekta. (Framh.).

Skýrsla

um amtsráðskosningar, samkvæmt lögum 11. júlí 1890.

I. Í Suðuramtinu:

1. Í Austur-Skaptafellssýslu:
 - a) aðalfulltrúi: hjeradslæknir Þorgrímur Þórðarsson.
 - b) varafulltrúi: Prófastur Jón Jónsson Stafafelli.
2. Í Vestur-Skaptafellssýslu:
 - a) aðalfulltrúi: Guðlaugur sýslumaður Guðmundsson.
 - b) varafulltrúi: hreppstj. Ingimundur Eiríksson.
3. Í Rangárvallasýslu:
 - a) aðalfulltrúi: Páll sýslumaður Briem.
 - b) varafulltrúi: Sighvatur alþm. Árnason.
4. Í Árnessýslu:
 - a) aðalfulltrúi: Ísleifur prestur Gíslason í Arnarbæli.
 - b) varafulltrúi: Sæmundur prófastur Jónsson í Hraungerði.
5. Í Gullbringu- og Kjósarsýslu:
 - a) aðalfulltrúi: Þórður hreppstj. Guðmundsson Hálsi.
 - b) varafulltrúi: Þorlákur alþm. Guðmundsson Hvammkoti.
6. Í Borgarfjarðarsýslu:
 - a) aðalfulltrúi: Guðm. prófastur Helgason í Reykholti.
 - b) varafulltrúi: hjeradslæknir Páll Blöndal.

II. Í Vesturamtinu:

1. Í Strandasýslu:
 - a) aðalfulltrúi: Páll prófastur Ólafsson á Prestbakka.
 - b) varafulltrúi: sjera Arnór prestur Árnason á Felli.
2. Í Ísafjarðarsýslu:
 - a) aðalfulltrúi: Skúli sýslumaður Thoroddsen.
 - b) varafulltrúi: sjera Sigurður prestur Stefánsson Vigur.
3. Í Barðastrandarsýslu eystri:
 - a) aðalfulltrúi: sjera Guðm. Guðmundsson prestur í Gufudal.
 - b) varafulltrúi: Hafíði dannebrogsmaður Eyjólfsson.
4. Í Barðastrandarsýslu vestari:
 - a) aðalfulltrúi: hjeradslæknir Davíð Sch. Thorsteinsson.
 - b) varafulltrúi: sjera Þorvaldur prestur Jakobsson.
5. Í Dalasýslu:
 - a) aðalfulltrúi: skólastjóri Torfi Bjarnason Ólafsdal.
 - b) varafulltrúi: Björn sýslumaður Bjarnarson.
6. Í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu:
 - a) aðalfulltrúi: sýslumaður Sigurður Jónsson.
 - b) varafulltrúi: óðalsbóndi Þórður Þórðarson á Rauðkollsstöðum.
7. Í Mýrasýslu:
 - a) aðalfulltrúi: Ásgeir bóndi Bjarnason Knararnesi.
 - b) varafulltrúi: Sigurður hreppstjóri Sigurðsson Kárastöðum.

Um kosningar til amtsráðanna í norðuramtinu og austuramtinu skírskotast til skýrslu um aðalfund amtráðsins í norður- og austuramtinu 3.—6. júní 1891, Stjt. 1891 B, bls. 120—121, að því viðbættu, að aðalfulltrúi fyrir Norður-Þingeyjarsýslu hefur 12. júní f. á. verið kosinn verzlunarstjóri Jakob Gunnlaugsson á Raufarhöfn.

Reglugjörð

um grenjaleitir og eyðing refa í Húnavatnssýslu.
(Framh.).

11. gr.

Vilji maður leggja refaboga á annars manns landi, eða gjöra þar refa-gildrur eða skothús, til að skjóta þaðan refi, skal hann segja ábúanda, sem er skyldur til að leggja á samþykki sitt, nema hann kjósi heldur sjálfur að eyða refum í landi sínu með slíkum hætti, en ef hann synjar leyfis og vinnur þó ekkert að eyðing refa, og óvilhallir menn meta svo, að hann geti eigi beðið neinn skada af refaveiði þeirri, er til var stofnað, þá er hann sekur um 4—10 krónur, og skyldur að þola, að hinn gjöri veiðivjolar þær, er nú var getið.

12. gr.

Fyrir hvert það dýr, sem unnið er með þeim hætti, sem nefndur er í 11. gr., fær veiðimaður 3 krónur; sömu borgun fær hver sá, er drepur dýr með skoti, hundi eða á annan hátt en við gren, nema hann hafi rjett til hærri borgunar samkvæmt 21. gr.; en sanna hlýtur veiðimaður, sem hver annar, er vinnur refi, að hann hafi drepð jafnmörg dýr og hann krefst borgunar fyrir.

13. gr.

Komi dýrbítur á sjerstökum stöðum í sveitinni, skal hreppsnefndin gjöra ítrustu tilraun til að láta vinna þau dýr, er því valda, og ákveður hún í hvert skipti daglaun og ómaksborgun til skyttunnar eptir atvikum.

14. gr.

Hreppsnefndin skal í tíma árlega útvega nægilegt af *strychnin* til að eitra agn með fyrir refi; til agnsins ber henni að útvega það æti, er henni virðist hentast, einkum rjúpur, og bera það út á hæfilega mörgum stöðum; eitrun þessi framkvæmist fyrst fyrir lok nóvembermánaðar, og svo síðar í janúar, febrúar og marzmánuðum á þeim stöðum, bæði á afrjettum og heimalöndum, er hentastir þykja, og á vorum í grenjum þeim, sem ekki vinnast að fullu. Hreppsnefndin skal árlega gjöra sýslunefndinni grein fyrir eitrunarútburði og árangri hans. Vanræki nokkur hreppsnefnd eða brjóti móti því, sem hjer er sagt, varðar það allt að 20 kr. sekt, og fær uppljóstrarmaður helminginn, en hinn helmingurinn fellur í sveitarsjóð þess hrepps, hvar brotið er framið.

15. gr.

Hvert upprekstrarfjelag fyrir sig kostar eitrunina. Hreppsnefndir þeirra hreppa, er næst liggja afrjettar- og fjall-löndum, skulu hafa á hendi alla framkvæmd með eitrunina. Þar sem fleiri hreppar eru í upprekstarfjelagi greiðist allur refaveiðakostnaður í heimalöndum hreppanna að hlutfalli rjettu við fjárfjölda þeirra.

16. gr.

Í hvert sinn, sem út er borið agn fyrir refi í byggð eða nálægt henni, lagður dýrabogi eða byggt skothús, ber hverjum þeim, er það gjörir, að auglýsa það fyrir fram í sveitinni, svo allir geti tekið sjer vara á því, og hafa

11. dag ágústmán. 1892.

87 eigendur hunda engan rjett til að kæra, þó hundar, sem í agn fara, drepist af því. Rjúpur, sem eitraðar eru, skulu auðkenndar þannig, að stýft sje af öðrum vængnum.

17. gr.

Í refaveiðabókina, sem kaupist á kostnað sveitarsjóðs eða sveitarsjóða, þar sem fleiri hreppar eru í upprekstrarfjelagi, og löggildist af oddvita sýslunefndarinnar, skal hreppsnefndaroddviti innfæra árlega refaveiðareikninga frá fardögum til fardaga, og senda eptirrit af reikningunum til oddvita sýslunefndar í nóvembermánuði ár hvert, ásamt kvittunum fyrir öllum útgjaldaliðum reikningsins og skýrslum um vitanlegan árangur af eitruninni fyrir síðastliðið ár. Reikningar þessir skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir af sýslunefndinni.

18. gr.

Heiðaeigendum, eða umráðamönnum þeirra, er skylt að útvega æfðan og duglegan skotmann á sinn kostnað til að vinna refi þá, er finnast kunna á grenjum á afrjettarlöndum þeirra, og gildi hið sama um dvöl skotmanns á þessum grenjum, sem ákveðið er í 7. gr. Geti heiðaeigandi eða umráðandi ekki sjálfur útvegað sjer duglegan skotmann, ber hreppsnefndinni að styrkja hann til þess, en borgun til skotmannsins greiðir heiðareigandinn eða umráðamaður hans samkvæmt 16. gr. Hreppsnefndinni ber að hafa strangt eptirlit á, að heiðareigendur og umráðamenn fullnægi því, er hjer um er fyrir mælt, en skorist nokkur undan því, sem honum eptir áðursögðu og samkvæmt 20. gr. ber að framkvæma, skal hlutadeigandi hreppsnefnd beita þeirri aðferð, sem fyrir er mælt í 9. og 10. gr., og er afrjettareiganda skylt að borga þann kostnað, er þar af leiðir.

19. gr.

Þar sem almenningar eiga sjer stað sem afrjettir og tilheyra fleiri hreppum, skulu hlutadeigandi hreppsnefndir annast um grenjaleitir og grenjavinnslu á þeim á sama tíma og eptir sömu reglum og ákveðið er um í tilliti til afrjetta þeirra, sem eru sjerstök eign, og greiðist sá kostnaður, sem þar af leiðir, af sveitarsjóðum þeirra hreppa, er almenninginn nota, og skiptist tiltölega milli þeirra eptir 15. grein.

20. gr.

Skyldu þeir, sem liggja til grasa á afrjettum og fjallöndum, eða á annan hátt ferðast þar um, finna þar melrakka, er liggja í greni, skulu þeir tafarlaust tilkynna það hlutadeigandi hreppsnefnd, sem þegar gjörir ráðstöfun fyrir, að það sje unnið, sje það á því svæði, sem henni ber að sjá um grenjavinnslu. Sje grenið á afrjett, ber nefndinni að láta eiganda eða umráðamann hennar tafarlaust vita, að það sje fundið; er honum þá skylt að láta vinna það þegar í stað eptir því sem framast má vera; en finnist þannig gren í almennungi, skal það tilkynnt næstu hreppsnefnd, er þá lætur vinna það.

21. gr.

Hreppsnefndin skal aðstoða og uppörfa unga menn og efnilega í hreppnum til að útvega sjer byssu og leggja sig eptir að skjóta ref, og hefur hún

heimild til að veita þeim, er í fyrsta sinn drepa ref með skoti annarsstaðar en við gren, í verðlaun 4 krónur; í annað sinn 5 krónur og í 3. sinn 6 krónur, sem borgist honum af sveitarsjóði eða sveitarsjóðum. Upp frá því fær hann borgun samkvæmt 12. gr., og er skyldur til að vera skotmaður á grenjum þess hrepps, meðan hann er þar heimilisfastur og hefur heilsu til þess. Sá, er unnið hefur 50 fullorðin dýr, fær í aukaverðlaun 20 krónur, og sömu verðlaun fær skotmaður framvegis fyrir hver 50 dýr; en sanna hlýtur hann með greinilegri skýrslu yfir dýravinnslu sína, hve mörg dýr hann hefur unnið, og í hverjum sveitum eða þeim tilheyrandi afrjettarlöndum, og greiðast honum verðlaunin til-
tölulega eptir hinni unnu dýratölu af hvers hrepps sveitarsjóði.

22. gr.

Brot móti reglugjörð þessari varða 2—30 króna sektum eptir stærð og ítrekun afbrotanna. Allar sektir, sem ekki eru ákveðnar til uppljóstrarmanna, renna í sveitarsjóð, þar er brotið er framið.

23. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn reglugjörð þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

Amtsráð norðuramtsins, Akureyri, 2. júní 1892.

J. Havsteen. Einar Ásmundsson. B. G. Blöndal. M. Sigurðsson. Ólafur Briem.

Reglugjörð

88

fyrir Mýrasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettir og refaveiðar.

1. Stjórn.

1. gr.

Málefni þau, er reglugjörð þessi á við, standa undir umsjón og framkvæmd hreppsnefndanna í Mýrasýslu, hvernar í sínum hreppi. Þær eiga að gæta þess, að reglugjörðinni sje hlýtt, og að þeir, sem brjóta á móti henni, verði kærðir, svo að þeir fái maklega refsing. Þar sem svo er háttað, að tveir eða fleiri hreppar eða partar af hreppum eiga einn atrjett, hafa hreppsnefndir allra þeirra af hreppunum, sem innan sýslu eru, stjórn fjelagsmála á hendi í sameiningu. Oddvitinn í þeim hreppi, er rjett sú liggur í, er afrjetturinn á að leitast til, skal kveðja hreppsnefndirnar til funda, þá er þörf gjörist, til að ræða um sameiginleg mál. Heimilt er þó oddvitum hinna hreppsnefndanna líka að kveðja til slíkra funda. Á fundum þessum ræður afl atkvæða. — Sýslunefnd Mýrasýslu hefur yfirstjórn alla. Til hennar má skjóta öllum úrskurðum og ráðstöfunum hreppsnefndanna, þótt eigi sje það með berum orðum tekið fram annarstaðar í reglugjörðinni en hjer. Skjóta má og úrskurðum sýslunefndar til amtsráðs Vesturamtsins.

2. gr.

Margar eru þær fyrirskipanir hreppsnefnda eptir reglugjörð þessari, þær er eigi má fresta að framkvæma svo langan tíma, sem þarf til þess, að fá um þær æðri úrskurð. Þannig er t. d. um niðurjöfnun fjallskila, fyrirskipanir um